

## Innritun nema í nám á fataiðnbraut Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans 2010-2011.

Nám í **fatatækni** er undanfari náms í faggreinunum kjólasaum og klæðskurði. **Námið telst vera á framhaldsskólastigi**; því eru ekki sett fram skilyrði til inntöku í námið umfram þau sem koma fram í löggiltri aðalnámskrá framhaldsskóla, frá 2008. Umsækjendur þurfa þannig að hafa lokið skyldunámi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og einnig lokaprófum í íslensku og stærðfræði og náð tilskildum lágmarksárangri skv. ákvæðum 2. gr. reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla.

Meðalnámstími í fatatækni eru fjórar annir í skóla auk átta vikna starfsþjálfunar.

Vegna mikils fjölda umsókna um nám á fataiðnbraut hefur inntökunefnd Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans þá vinnureglu til viðmiðunar í inntökuferlinu að umsækjendur sem hafa nýlokið grunnskóla eru í forgangi.

Varðandi umsækjendur sem þegar hafa lokið framhaldsskólanámi, eða eru langt komnir á því skólastigi, horfir inntökunefnd til þess náms í verk- og listgreinum sem umsækjandi hefur aflað sér í sínu fyrra námi, starfsreynslu á þessum sviðum og frammistöðu í fyrra námi.

Jafnframt er stuðst við almennar verklagsreglur um innritun og afgreiðslu umsókna sem ráðuneyti menntamála gerir kröfur um.

Þegar nemandi er á lokastigum náms í fatatækni og vill sækja um áframhaldandi nám, setur skólinn skilyrði fyrir því að umsækjandi fái skólavist í faggreinunum klæðskurði og kjólasaumi. Skilyrðið er að umsækjandi sýni fram á lágmarkseinkunnina 7 í tilteknum áföngum: það eru áfangarnir **GRA102, VKA204 og VKV204**.

Meðalnámstími í kjólasaumi og klæðskurði er alls fjögur ár, samtals fimm annir í skóla og 24 vikna starfsþjálfun. Þar af að lámarki átta vikur í starfsþjálfun undir handleiðslu meistara í viðkomandi iðngrein.

Að loknu námi í skóla og starfsþjálfun öðlast nemandi rétt til að gangast undir sveinspróf er veitir rétt til starfa í iðninni samkvæmt iðnaðarlögum og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Sjá aðalnámskrá framhaldsskólans, fataiðngreinar:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/3981>